



635. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Höfn í Hornafirði

föstudaginn 10. apríl 2026, kl. 9:30

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður sem var á fjarfundi, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir, Gauti Árnason og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Auk þess sátu fundinn þeir Guðjón Ragnar Jónasson skólameistari Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands undir fimmta lið fundarins.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn og þakkar sveitastjórn Hornafjarðar fyrir góðar móttökur og kynningu á verkefnum sveitarfélagsins.

1. Heimavist Fjölbrotaskóla Suðurlands

- Framkvæmdastjóri fór yfir skýrslu nefndar um Heimavist FSu frá árinu 2019 og uppfærðar tölur um áætlaða þörf fyrir heimavist hjá FSu ásamt hugmyndum um skammtíma og langtíma fyrirkomulag og áætlun. Umræða um hvort þörfin sé jafnvel vanmetin og heimavist yrði betur nýtt en skýrslan leggur til.

Framkvæmdastjóra falið að kalla skólameistara á fund stjórnar til þess að ræða málið nánar og í framhaldi óska eftir fundi með ráðuneytinu.

2. Sorpstöð Suðurlands

- Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar SOS fóru yfir framvinduskýrslu verkefnastjóra SOS. Stjórn lýsir yfir ánægju með framvinduna og þá stefnu sem verkefnið er að móta.

Stjórn lýsir yfir ánægju með þessa framvindu og þakkar fyrir góða samantekt.

3. ART verkefnið

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála hjá ART. 16 umsóknir bárust í starf ráðgjafa og ráðgert að ráðning verði kláruð fyrir lok apríl.

Enn er þó ákveðin tvísýna um verkefni þar sem ekki hefur verið staðfestur tími fyrir framhaldsfund með Barna- og menntamálaráðherra til þess að ræða framtíð og þróun verkefnisins ásamt framlengdum samningi.

Stjórn lýsir miklum áhyggjum af gangi mála og ítrekar ósk um fund með ráðherra þar sem málið verði rætt og niðurstaða fundin. Stjórn óskar jafnframt eftir að þingmenn Suðurlands láti sig málið varða og taki undir bókun stjórnar.

4. Viðbótarfjármagn við Sóknaráætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að ráðstöfun eftirstandandi viðbótarfjármagns í áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar.



Stjórn samþykkir tillögurnar og verða þær í framhaldi sendar til samráðshóps
Sóknaráætlana til yfirferðar og staðfestingar.

5. Önnur mál

- a. Guðjón Ragnar Jónasson skólameistari Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands kynntu hugmyndir að sameiginlegri heimavist á Höfn.

Stjórn þakkar þeim Guðjóni og Þorvarði fyrir góða yfirferð og áhugaverðar hugmyndir sem eru vel til þess fallnar að skoða á fleiri svæðum Suðurlands.

- b. Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað frá verkefnastjórum SASS er fjallar um möguleika á samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi um innleiðingu á öruggum gervigreindarlausnum. Þar er lögð fram tillaga um að SASS taki að sér að mynda samráðsvettvang/stýrihóp sem fjalla á um leiðir til þess greina sameiginlegar þarfir sveitarfélaga á Suðurlandi þegar kemur að nýtingu og meðferð gervigreindar verkfæra, byggt á þeirri reynslu sem sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur hefur aflað sér og kynnt.

Stjórn tekur vel í erindið og leggur til að fela skrifstofu SASS að kanna áhuga aðildarsveitarfélaga á samstarfi um innleiðingu á öruggum gervigreindarlausnum og veiti heimild til að stofna samráðshóp um málefnið sem skili tillögum að framhaldi á næstu stjórnarfundum.

6. Lagt fram til kynningar

- a. 253.fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands og ársreikningur
- b. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga 994.
- c. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga 995.

7. Trúnaðarmál

Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.13:00.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 8. maí 2026 á Teams